

Fjör á Blásölum

Foreldrafélagið hefur síðan í haust staðið að nokkrum skemmtilegum uppákomum á Blásölum. Það er mikilvægt að geta stutt við það skemmtilega starf sem fer fram á leikskólanum okkar með einum eða öðrum hætti.

Það sem við höfum gert er til dæmis það að sama dag og leikskólinn fékk Grænfánann afhentan, þann 2. nóvember, fengum við leikritið Bláa gullið til okkar og var það sýnt við góðar undirtektir barnanna. Það fjallaði um mikilvægi vatnsins fyrir allt líf á jörðinni en börnin hafa einmitt verið að fjalla mikið um vatnið í skólastarfinu.

Snemma í desember var opið hús einn laugardagsmorguninn og skreyttum við piparkökur. Mæting var góð og áttum við huggulega stund með börnunum okkar og drukkum kakó meðan listaverkin urðu til.

Í desember leituðum við líka til bræðranna sem búa uppi í fjalli hjá móður sinni, Grýlu og fengum nokkra til að koma í heimsókn og dansa og syngja með börnunum okkar á jólaballinu.

Framundan hjá foreldrafélaginu er svo að panta rútur fyrir vorferðina en þá verður farið í fjöruferð í nágrenni Reykjavíkur. Við ætlum að taka þátt í útskrift elstu barnanna en þá fer hópurinn saman einn góðan veðurdag og gerir sér dagamun. Vorhátíð Blásala er alltaf skemmtilegur viðburður í skólastarfinu og þar stefnum við á að geta boðið uppá einhverja skemmtun eins og Krakkahesta.

Með þökk fyrir samvinnuna,

Foreldrafélagið Blásölum

